



Félag löggiltra endurskoðenda

Útg. Félag löggiltra endurskoðenda
Ábm: Sigurður M. Jónsson
formaður Ritnefndar FLE
Desember 2003
26. árgangur 3. tölublað

FLE fréttir

EFNI BLAÐSINS

ATH!

HÉR Á EFTIR AÐ SETJA INN RÉTTA
EFNIÐ!!!!

Staða FLE, hlutverk og framtíð	1
Af stjórnarborði.....	4
Fráteknar dagsetningar	5
Aðalfundur Félags löggiltra endurskoðenda 2002	6
Opnunartími skrifstofu FLE	9
Stjórn og nefndir 2002–2003	10
Haustráðstefna FLE	12
Endurskoðunarferill – drög að gæðahandbók.....	14
Til hamingju með afmælið	15
Áhugaverðar heimasiður	15
Til sölu á skrifstofu FLE	15
Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla	16
Golfannáll árið 2002.....	17

Af stjórnarborði

Reikningsskiladagur – Kominn til að vera

Menntunarnefnd félagsins stóð fyrir opinni ráðstefnu í október sl. um alþjóðlega reikningsskilastaðla. Það er mál manna að ráðstefnan hafi tekist afar vel, en þátttakendur voru um 180. Aðal fyrirlesari ráðstefnunnar var prófessor Geoffrey Whittington frá Alþjóðlega reikningsskilaráðinu, en auk hans héldu fyrirlestra Stefán Svavarsson endurskoðandi og dósent og Þórður Friðjónsson forstjóri Kauphallar Íslands.

Þetta er í fyrsta sinn sem Félag löggiltra endurskoðenda stendur með formlegum hætti fyrir reikningsskiladegi. Í ljósi þess hversu vel tókst til hefur stjórn félagsins ákveðið að slíkur dagur verði fastur liður í starfsemi félagsins.

Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar

Með tilskipun Evrópusambandsins nr 1606/2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla í ríkjum evrópska efnahagssvæðisins er ljóst að lögleiða verður tilskipunina hér á landi. Af því leiðir að þýða verður og gefa út staðlana fyrir ársbyrjun 2005.

Evrópusambandið hefur markað þá stefnu að skráð félög á verðbréfamörkuðum skuli frá og með árinu 2005 gera samstæðureikninga sína samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Þessar breytingar munu hafa viðtæk áhrif á reikningsskil fyrirtækja á evrópska efnahagssvæðinu og munu þar af leiðandi einnig hafa áhrif hér á landi.

Ein megin ástæða þessa er að sívaxandi alþjóðdaviðskipti hafa leitt til þess að fjármála-markaðurinn gerir þær kröfur til fyrirtækja að þau hagi reikningsskilum sínum á samræmdan hátt.

Hafinn er undirbúningur vegna innleiðingar staðlanna og hefur Fjármálaráðuneytið falið



Sigurður B.
Arnþórsson
formaður FLE

Reikningsskilaráði að hafa yfirumsjón með þýðingu þeirra.

Reikningsskilaráð mun jafnframt leita til sérfróðra aðila sem og til endurskoðunarfyrirtækja um að leggja hönd á plóginn.

Fjármálaráðuneytið mun hafa yfirumsjón með innleiðingunni sjálfri og breytingu laga því samfarandi. Ráðuneytið hefur skipað starfsnefnd í því sambandi og hefur Heimir Haraldsson endurskoðandi verið skipaður formaður nefndarinnar. Nefndin mun starfa í nánú samstarfi við samráðshóp hagsmunaaðila sem hefur verið skipaður, en hópurinn mun verða faglegur umsagnaraðili um tillögur starfsnefndarinnar.

Tveir til þrjár aðilar úr hópi hagsmunaaðila munu eiga sæti í starfsnefndinni ásamt formanni.

Fulltrúi FLE í samráðshópnum er Jón S. Helgason formaður reikningsskilaneftdar félagsins.

Meginhlutverk starfsnefndarinnar og samráðshópsins verður að komast að niðurstöðu um hvort skráðum fyrirtækjum hér á landi verður gert skylt eða heimilt að semja sam-



stæðureikninga sína í samræmi við staðlana og hvort öðrum fyrirtækjum verði það einnig heimilt eða skylt.

Einnig skal starfshópurinn taka afstöðu til þess hverjum skuli falið eftirlit með gerð þeirra reikningsskila sem falla undir staðlana.

Öllu þessu ferli þarf að vera lokið fyrir árslok 2004 þannig að það er ljóst að alþjóðleg reikningsskil verða ofarlega í huga okkar næsta árið.

Framkvæmd gæðaeftirlits

Á nýafstöðnum aðalfundi félagsins var lögð fram tillaga að reglum um framkvæmd gæðaeftirlits FLE, en samkvæmt samþykktum félagsins skal gæðanefnd móta og hafa yfirumsjón með gæðaeftirliti innan félagsins. Öllum félagsmönnum hefur verið sent dreifibréf þar sem óskað er eftir athugasemdum við framlagðar tillögur fyrir 1. mars 2004.

Í framhaldi af því mun gæðanefndin móta nánari reglu um framkvæmd gæðaeftirlitsins sem verða síðan lagðar fyrir félagsmenn og endanlega tilbúnar og samþykktar á starfsárinu. Formlegt gæðaeftirlit verði síðan tekið upp á árinu 2005, sem skal ná til allra félagsmanna.

Stjórn félagsins hvetur félagsmenn til að senda ábendingar og athugasemdir ef einhverjar eru fyrir 1. mars 2004, þannig að nefndin geti unnið fljótt og vel við endanlega mótun á reglunum.

Handbók endurskoðenda – Heimasíðan

Á árinu 1996 gaf FLE út handbók endurskoðenda, en bókin er nú uppseld. Í formála bókarinnar kemur fram að galdur hennar felist í því að þar sé efni safnað saman á einn stað sem nýtist endurskoðendum við dagleg störf, þar sem það er á handhægu og aðgengilegu formi.

Það er álit stjórnar FLE að tími slíkra handbóka sé liðinn og hefur því mælt til þess við ritnefnd félagsins og fagnefndir að heimasíða félagsins verði tekin til gagngerar endurskoðunar og hún nýtt m.a. í þeim tilgangi sem handbókin hefur þjónað til þessa.

Haustráðstefna – Aðalfundur

Haustráðstefna félagsins var haldin dagana 7.-8.nóvember í höfuðstað Norðurlands, Akureyri.

Þrátt fyrir að veðurguðirnir settu strik í reikninginn, þannig að flugsamgöngur lágu niðri í heilan sólarhring, var þátttaka all góð og þótti ráðstefnan takast mjög vel. Helstu umfjöllunar-efni ráðstefnunnar voru reikningsskil sveitarfélaga, atvinnuþróun á Akureyri og síðast en ekki síst innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla.

Aðalfundur félagsins var haldinn á laugardeginum 8. nóvember og er honum gerð nánar skil hér í blaðinu.

Að kveldi aðalfundardags var síðan haldin árshátíð FLE á hóteli KEA, þar sem heiðursgestur kvöldins var Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri Akureyrar.

Afmæli

Það var nýkjörnum formanni félagsins mikið ánægjuefni að eitt af hans fyrstu verkefnum var að heimsækja og færa elsta núlifandi félaga okkar, Ólafi J. Ólafssyni endurskoðanda, kveðjur FLE í tilefni af 90 ára afmæli hans þann 9. nóvember sl. Ólafur hlaut löggildingu árið 1956 og hætti störfum sem endurskoðandi um 1990.

Ólafur bað um góðar kveðjur og þakklæti til allra félagsmanna og er því hér með komið á framfæri.

Lokaorð

Nýkjörin stjórn FLE kom saman til síns fyrsta fundar þann 19. nóvember sl. Síðan þá hafa formaður og varaformaður átt fundi með öllum fastanefndum félagsins í þeim tilgangi að móta starfið framundan á komandi starfsári.

Ljóst er að starfið mun í megin dráttum fylgja þeim línunum sem lagðar hafa verið undanfarin ár, þó áherslur breytist milli ára. Mál málaanna á næsta ári verður vinna við innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðlanna, eins og fram hefur komið.

Einnig mun mótun reglna um framkvæmd gæðaeftirlits og tillögur að nýjum síðareglum FLE verða til umfjöllunar hjá stjórn og nefndum.

Eins og að framan greinir mun handbókin og heimasíða FLE koma til skoðunar.

Fyrir utan þau atriði sem hér eru talin upp eru ýmis mál og verkefni sem koma til kasta nefnda og stjórnar, og er ég þess fullviss að þeir einstaklingar sem þar hafa verið kosnir til starfa munu leysa þau vel af hendi.

Að lokum vil ég þakka öllum félagsmönnum ánægjulegt samstarf á liðnu ári og óska þeim og fjölskyldum þeirra gleðilegrar jólahátíðar og farsældar á komandi ári.



Farsælt nýtt ár

Félag lögiltra endurskoðenda sendir félagsmönnum og fjölskyldum þeirra hugheilar óskir um gott og farsælt nýtt ár. Okkar bestu þakkir fyrir velvilja, gott samstarf og samverustundir á árinu sem er að líða.

*Stjórn FLE
Ritnefnd FLE*

Hugleiðingar um innleiðingu alþjóðlegra reikningskilastaðla

Nú stendur fyrir dyrum að innleiða alþjóðlega reikningskilastaðla hér á landi. Evrópusambandið hefur samþykkt að frá og með 1. janúar 2005 skulu skráð félög í aðildarlöndunum birta samstæðureikningskil í samræmi við umrædda staðla. Þessi ákvörðun nær einnig til Íslands vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu. Til skráðra félaga teljast félög sem hafa skráð hlutabréf sín eða skuldabréf á skipulögðum verðbréfamarkaði.

Þetta er mikilvægt verkefni og við eigum að leggja metnað okkar í að innleiða staðlana tím-anlega og með einföldum og öruggum hætti og tryggja þannig að Ísland verði frá byrjun í hópi fremstu þjóða í þessum efnum. Fjármálamarkaðir þurfa upplýsingar sem eru traustar, sjálfum sér samkvæmar og samanagerðar við önnur fyrirtæki heima og erlendis. Alþjóðlegu reikningskilastaðlarnir stuðla að því að þessu markmiði verði náð. Innleiðing þeirra er veigamikill þáttur í alþjóðavæðingu fjármála- og hagkerfa sem er ein af grunnforsendum framfara og hagvaxtar, ekki síst lítilla hagkerfa.

Álitaefni

Margvísleg álitaefni koma upp varðandi innleiðingu staðlanna. Hér verða tvo atriði sem snúa að Kauphöllinni gerð sérstaklega að umtalsefni. Annars vegar er það gildissvið staðlanna. Á Kauphöllin að gera kröfu um að öll skráð félög fylgi stöðlunum eða láta nægja að einungis þau sem eru með samstæðureikningskil fylgi þeim? Staðlarnir gera ráð fyrir að svo sé en heimila jafnframt víðara gildissvið. Hins vegar er það spurningin um eftirlitshlutverkið, hver á að fara með það? Ljóst er að eftirlit með því að félögin fylgi stöðlunum verður að vera til staðar. Þetta er nýtt hlutverk sem ekki liggur í augum uppi hver á að taka að sér, enda eru skiptar skoðanir um hver eigi að vera þessi eftirlitsaðili. Nokkrir aðilar hafa verið

nefndir í þessu sambandi, s.s. Fjármálaeftirlitið, Reikningskilaráð og Kauphöllin.

Gildissvið

Lítum nánar á gildissviðið í ljósi stöðu skráðra félaga í Kauphöllinni. Af 49 skráðum hlutafélögum eru 33 með samstæðureikningskil. Þetta eru hins vegar öll stærstu félögin eins og sjá má af því að þau eru með 97% af veltu skráðra félaga. Það eru því einungis lítil félög og nokkrir sjóðir sem eru ekki með samstæðureikningskil. En staðlarnir ná reyndar einnig ná til félaga sem einungis hafa skráð skuldabréf í Kauphöllinni en ekki hlutabréf. Ekki er þó algengt að slík félög séu með samstæðureikningskil, þótt frá því séu veigamiklar undantekningar. Huga þarf m. a. að stöðu sveitarfélaga í þessu sambandi.

Að mínu mati er ekki skynsamlegt að löggjafinn gangi lengra en staðlarnir kveða á um. Það kann að valda vankæðum síðar ef hér eru sett lög sem gera meiri kröfur en löggjöf annarra landa gerir um þetta efni. Markaðurinn gæti hins vegar gert kröfu um víðara gildissvið. Þannig gæti til að mynda Kauphöllin sett í regluverk sitt að öll skráð félög skyldu fylgja stöðlunum. Ég er þó þeirrar skoðunar að í byrjun ætti Kauphöllin að fara sér hægt að þessu leyti og gera einungis kröfu um að félög sem gera samstæðureikningskil skili uppgjörum sínum samkvæmt alþjóðlegu reikningskilastöðlunum frá 1. janúar 2005. Þetta þarf þó að vega og meta nánar og jafnframt hafa til hliðsjónar hvað samstarfskauphallirnar á Norðurlöndum hyggjast gera.

Líklegt má telja að önnur félög, sem eins og áður sagði eru aðeins með brot af heildarveltu Kauphallarinnar, muni fljótlega fylgja í kjölfarið. Þetta eru víðamiklar breytingar og töluvert íþyngjandi fyrir félögin. Fyrir vikið er rétt að fara ekki of geyst. Að vísu vegur hér á móti að



Þórður
Friðjónsson,
forstjóri
Kauphöll
Íslands hf.

heppilegt væri að öll félögin væru með fyllilega samanagerðarhæf reikningskil. Ég tel þó þessi rök ekki svo þung á metunum að þau eigi að vera ráðandi um niðurstöðuna. Til fróðleiks vil ég nefna að ég bar þetta undir prófessor Geofrey Whittington hjá Alþjóðlega reikningskilaráðinu þegar hann var hér nýlega á ferð á vegum FLE. Hann taldi ekki ástæðu til að ganga lengra en staðlarnir segja til um – og mælti reyndar fremur gegn því.

Eftirlit

Varðandi eftirlitshlutverkið er rétt að benda á mikilvægi þess að ekki verði lagt upp með of ítarlegt og þungt eftirlit frá opinberum aðilum. Það er engin ástæða til að skapa nýtt bákn í þessu skyni. Að hluta má segja að eftirlitið sé nú þegar til staðar. Störf endurskoðenda og áritanir þeirra á reikningskilin gegna grundvallarhlutverki í þessu sambandi. Eftirlitið þarf því fyrst og fremst að vera skilvirkt og vel skipulagt með aðaláherslu á samræmd vinnubrögð og greinargóðar fjárhagslegar upplýsingar. Ég hallast að því að farsælast væri að hlutlaus aðili hefði þetta verkefni og gæti fyrirkomulagið til að mynda verið á þá lund að óháður löggiltur endurskoðandi hefði það með höndum, t. d. endurskoðandi úr háskólaumhverfinu. Fyrirkomulagið í nánari atriðum getur verið með ýmsum hætti og er Kauphöllin reiðubúin til að koma þar að málum.



Samanburður við Norðurlöndin

Kauphöllin hefur lauslega kynnt sér afstöðu annarra kauphalla á Norðurlöndum til þessara tveggja atriða. Þar á bæjum hafa ákvarðanir ekki enn verið teknar en verið er að skoða málin. Kauphöllin í Danmörku hallast að þeirri skoðun að gera ekki kröfur umfram staðlana. Þar, eins og hér, eru þau félög sem ekki gera samstæðureikningsskil í miklum minni hluta og skipta því litlu máli í þessu samhengi. Hvað varðar eftirlitshlutverkið sækist Fjármálaeftirlitið í Danmörku eftir því hlutverki en Kauphöllin sækir það ekki fast.

Í Stokkhólmi er eingöngu um samstæðureikningsskil skráðra félaga að ræða. Þeir búa því ekki við sama vandamál og aðrir að þessu leyti. Ekki hefur verið ákveðið hver fer með eftirlitshlutverkið þar en ef kauphöllin fengi það verkefni hefðu þeir hug á að útvista það til hlutlausra aðila, svipað og gert er nú varðandi yfirllestur á ársreikningum. Skiptar skoðanir eru um þetta efni í Noregi. Norska kauphöllin telur þó líkur á að öll skráð félög verði skylduð til að fara eftir alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum. Þá sækist hún eindregið eftir eftirlitshlutverkinu.

Starfsnefnd fjármálaráðuneytis

Kauphöllin fagnar því að fjármálaráðuneytið hefur skipað starfsnefnd til að vinna að innleiðingu reglugerðarinnar um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Jafnframt hefur verið myndaður sérstakur samráðshópur hagsmunaaðila sem verður faglegur umsagnaraðili um tillögur starfsnefndarinnar. Kauphöll Íslands hefur fulltrúa í samráðshópnum enda hagsmunir markaðarins af samræmdri upplýsingagjöf augljósir.

Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla

Alþjóða reikningsskilaráðið hefur gefið út reikningsskilastaðlinn, IFRS 1 First-time adoption of IFRS, innleiðingarreglur fyrir nýjar reikningsskilaaðferðir, sem byggjast á alþjóðlegum reikningsskilastaðlum alþjóðlegra reikningsskilaráðsins. Í staðlinum eru settar fram reglur sem fyrirtæki eiga að beita til framsetningar í upphafsefnahagsreikningi við innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðlanna (IFRS). Sé upphafs efnahagsreikningurinn miðaður við 1. janúar 2004, skal nota hann sem grunn að fjárhæðum úr ársreikningi 2004, sem hægt er að nota til samanburðar í ársreikningi 2005, sem er þá fyrsta eiginlega upptökuár nýrra reglna. Staðallinn er því fyrsta skref fyrirtækja við innleiðingu nýrra reikningsskilareglna. Staðallinn mun aðeins gilda við upptöku alþjóðlegra reikningsskilastaðlanna, en ekki síðar.

Tilgangur staðalsins er að sjá til þess að ársreikningur félaga, sem innleiða notkun IFRS í reikningsskilum sínum, innihaldi nauðsynlegar upplýsingar, sem eru:

- 1. Gagnsæjar og samanburðarhæfar milli tímabila fyrir lesendur reikningsskilanna.** Í nýjum reglum eru gerðar ríkari kröfur um skýringar en áður. Einnig er krafist ítarlegra upplýsinga um þær breytingar sem gerðar eru á ársreikningi við innleiðingu staðlanna.
- 2. Traustur upphafsgrunnur við upptöku IFRS.** Í fyrsta ársreikningi sem gerður verður eftir nýjum reglum þarf að gefa afdráttarlausu og ótakmarkaða yfirlýsingu um samræmi við IFRS.
- 3. Nothæfar upplýsingar án þess að kostnaðurinn við öflun og framsetningu þeirra verði meiri en ávinningurinn til þeirra sem nýta sér upplýsingarnar.** Í upphaflegum drögum að staðlinum var gerð rík krafa um endurreikning langt

aftur í tímann á hinum ýmsu liðum ársreikningsins. Með þessum staðli er slíkum hugmyndum ýtt til hliðar og gefnar margskonar undanþágur frá gildandi stöðlum til að finna út upphafsstöður.

Gildistaka

Í reglugerð Evrópuráðsins nr. 1606/2002 er kveðið á um að félög með skráð verðbréf skuli semja samstæðureikninga í samræmi við alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir tímabil, sem hefjast 1. janúar 2005 eða síðar.

Tökum dæmi af félaginu A, sem ætlar að birta sinn fyrsta ársreikning í samræmi við nýjar reglur þann 31. desember 2005. A þarf að birta samanburðar fjárhæðir í ársreikningnum fyrir að minnsta kosti eitt ár. Til að svo geti orðið, verður innleiðingardagur IFRS að vera 1. janúar 2004. A þarf að gera rekstrar-, efnahagsreikning og sjóðsstreymi í samræmi við nýjar reglur fyrir árið 2004. Þurfi A að gera verulegar breytingar á hinum ýmsu liðum ársreikningsins við upptöku IFRS, þarf félagið að gera rækilega grein fyrir hvernig nýjar reglur eru frábrugðnar þeim gömlu og hvernig tölur hafa breyst milli aðferða.

A beitir áfram gömlu reikningsskilaaðferðunum við gerð ársreiknings 2004. Með því móti hefur A samanburðarhæfar fjárhæðir frá árinu 2003 í ársreikningi 2004. Segja má því að árið 2004 sé gert upp í samræmi við gömlu reglurnar, en með hliðsjón af nýjum reglum. Gömlu reglurnar gilda þó í ársreikningi 2004, eins og áður sagði.

Með skuldbindingu um notkun IFRS í ársreikningi 2005, er A bundið af því að nota IFRS einnig í öllum milliuppgjörum á árinu 2005.

Undanþágur

Í samræmi við IFRS 1 er félögum heimilt að beita nokkrum undanþágum frá alþjóðlegum



H. Ágúst
Jóhannesson
KPMG
Endurskoðun hf.

stöðlunum við innleiðinguna, sem ekki má beita síðar:

- 1. Val um endurstillingu á samrunum fyrir innleiðingu.** Samrunum, sem gerðir hafa verið fyrir innleiðingu IFRS er heimilt að halda óbreyttum, þó svo að reglum staðals nr. 22 um samruna félaga, hafi ekki verið beitt. Kjósi félag hins vegar að breyta eldri samrunum til samræmis við fyrrgreindan staðal, ber því að endurstilla alla samruna sem áttu sér stað frá dagsetningu þess samruna sem ákveðið var að breyta, til innleiðingardags. Hér á landi hefur tíðkast að nota svokallaða samlegðaraðferð við samruna félaga. IFRS gerir kröfu um að beitt verði svokallaðri kaupaðferð og notkun samlegðaraðferðarinnar verði óheimil. Félög, sem hafa fært mismun kaup- og bókfærðs verðs eignarhluta í félögum, á meðal óefnislegra eigna, ber að færa hann nú sem viðskiptavild. Við innleiðinguna ber að framkvæma virðisyrnunarpróf á viðskiptavildinni og ræðst þá hvort færa þurfi hana niður strax í upphafsefnahagsreikningi, eða hvort hún geti staðið óbreytt.
- 2. Endurmat varanlegra rekstrarfjármuna til samræmis við gangverð.** Heimilt verður að færa varanlega rekstrarfjármuni til gangverðs (fair value). Í slíkum tilfellum er í raun um endurmat að ræða og er mótfærsla þess á eigið fé. Fyrir íslenskt umhverfi er slík heimild ekki nýjung, því að í ársreikningslögunum hefur alltaf verið heimild til sérstaks endurmats. Þá endurmatu íslensk félög varanlega rekstrarfjármuni vegna áhrifa verðlagsbreytinga að minnsta kosti fram til ársloka 2001. Það er því líklegt að ekki þurfi að gera miklar breytingar til samræmis við gangverð hjá íslenskum félögum.



3. Endurreikningur eftirlaunaskuldbindingar. Félög sem ekki hafa reiknað eftirlaunaskuldbindingu upp í samræmi við tryggingarfræðilega úttekt fram til þessa, verður heimilt að leiðrétta skuldbindinguna í samræmi við slíka úttekt í upphafsefnahagsreikningi.

4. Meðferð þýðingarmismunar. Fjölbjóðlegar samstæður, sem færa gengismun af umbreytingu gjaldmiðla til uppgjörð gjaldmiðils samstæðunnar á sérstakan eiginfjárreikning, hafa heimild til að núllstillja þennan eiginfjárreikning í upphafs efnahagsreikningi IFRS.

5. Uppskipting samsettra fjármálagerninga. Í núverandi staðli um framsetningu fjármálagerninga, IAS 32, er gerð krafa um að heimfæra skuli alla fjármálagerninga upp á þær eignir og skuldir, sem þeir tengjast. Oft geta fjármálagerningar verið samsettir og tengjast fleiri en einum efnahagsliði. Í slíkum tilfellum getur reynst erfitt að skipta þeim upp. Undir vissum kringumstæðum er þá heimilt að fella út hluta af slíkum fjármálagerningum, sé talið að áhrif hluta hans séu óveruleg í innleiðingunni á IFRS.

6. Mismunandi umbreytingardagar samstæðu og dótturfélaga. Móðurfélagið A innleiðir IFRS í árið 2005, en innleiðing dótturfélagsins D miðast við árið 2007. Í slíku tilfelli getur dótturfélagið ráðið því hvort það miði mat eigna og skulda við ársbyrjun 2004 eða 2006. Snúist dæmið við þannig að D innleiði IFRS árið 2005, en móðurfélagið ekki fyrr árið 2007, þá ber móðurfélaginu að miða mat eigna og skulda við sama ár og dótturfélagið, það er að segja ársbyrjun 2004.

Eins og sjá má á framangreindri upptalningu, þá veða þessar undanþágur misjafnlega þungt. Líklegt verður þó að telja að íslensk félög komi til með að nota sér einhverjar af þeim heimildum.

Undantekningar til beitingar á afturvirkni IFRS

Núverandi staðlar um framsetningu og mat á fjármálagerningum, IAS 32 og IAS 39 eru í endurskoðun og mun henni verða lokið á fyrsta ársfjórðungi næsta árs. Í IFRS 1 er gert ráð fyrir að

í sumum tilfellum þurfi ekki að færa upp eldri fjármálagerninga við innleiðingu á IFRS. Einnig er gert ráð fyrir í staðlinum að í ákveðnum tilfellum geti verið rétt að sleppa áhrifum af áhættuvörnum, enda hafi þær lítil eða engin áhrif á efnahagsliði.

Reikningshaldslegu mati sem beitt var undir eldri reikningsskilaaðferðum skal beitt áfram eftir innleiðingu á IFRS, nema sýnt sé fram á að slíkt mat sé í andstöðu við IFRS. Í þeim tilvikum skal gera leiðréttingu á eldra mati til samræmis við IFRS.

Skýringar

Lögð er mikil áhersla á gagnsæi upplýsinga við innleiðinguna á IFRS. Félög skulu skýra nákvæmlega allar breytingar sem gera þarf á upphafstölum við innleiðinguna. Mælt er með að sýnt verði í sérstökum dálki stöðu einstakra liða ársreiknings eftir eldri reikningshaldsreglum, þær færslur sem gera þarf til að breyta einstökum liðum í öðrum dálki og þá niðurstöðu, sem notuð verður í upphafsefnahagsreikningi við innleiðinguna í þriðja dálkinum. Slík framsetning er ekki skylda. Aftur á móti skal gera rækilega grein fyrri öllum breytingum sem gera þarf við innleiðingu á IFRS.

Lögleiðing

Í reglugerð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 1725/2003 er kveðið á um notkun alþjóðlegra staðla sem voru í gildi í september 2002. Allar breytingar sem orðið hafa á stöðlunum frá þeim tíma og sem eiga eftir að verða á þeim þarf að samþykkja af sérstakri stjórnarsýslunefnd um reikningskil hjá Evrópusambandinu, áður en þær taka gildi. Eftir það eiga þjóðþing aðildarlandanna eftir að staðfesta breytingarnar. Lögleiðing allra breytinga á stöðlunum og innleiðing nýrra staðla getur því verið þung í vöfum. Alþjóðlega reikningsskilaráðið stefnir að því að ljúka setningu nýrra staðla, sem notaðir verða við innleiðingu IFRS fyrir lok mars á næsta ári. Vilji er til þess hjá Evrópusambandinu að samþykkja breytingar á stöðlunum eins fljótt og þær liggja fyrir. Hvort lögleiðing þeirra mun síðan hefja framgang innleiðingar IFRS verður tíminn að leiða í ljós.

Lokaorð

Innleiðing alþjóðlegra reikningssskilastaðla mun í mörgum þjóðlöndum hafa víðtæk áhrif á reikningssskil félaga. Gera má ráð fyrir að félög hér á landi séu nokkuð vel í stakk búin til að innleiða reglur staðlanna, því að við gerð reikningssskila íslenskra félaga hefur fram til þessa mikið verið notast við alþjóðlegu reikningssskila-staðlana. Reglur Reikningssskilaráðs eru að mestu leyti byggðar á alþjóðlegu reikningssskila-stöðlunum svo dæmi sé tekið. Staðlarnir eru því íslenskum félögum kunn og því gæti innleiðing þeirra orðið okkur auðveldari en víðast hvar annars staðar. Það sem er þó nýtt með innleiðingunni er að nú eru reglur staðlanna lögbundnar og félög skuldbinda sig til að fylgja þeim í einu og öllu.

Hér hefur aðeins verið stiklað á stóru um innihald IFRS 1 staðalsins um innleiðingu alþjóðlegra reikningssskilareglna. Staðallinn markar upphaf hjá félögum við innleiðingu alþjóðlegra reikningssskilastaðlanna. Frá þeim tíma sem félög staðfesta notkun sína á stöðlunum, skuldbinda þau sig um leið að fylgja þeim í einu og öllu. Engar undantekningar eru leyfðar frá þeim, aðeins þær sem fram koma í innleiðingarstaðlinum og taldar voru upp hér að framan og þá aðeins við innleiðinguna sjálfa, ekki síðar. Með innleiðingu IFRS er verið að samræma þær reglur sem notaðar eru í hinum ýmsu þjóðlöndum við reikningssskil. IFRS 1 er ætlað að aðstoða félög við að taka fyrsta skrefið í átt að því takmarki.

Hvað ber að varast

Hlutverk endurskoðenda

Í lögum um endurskoðendur kemur fram að meginhlutverk þeirra sé að skoða reikningsskil fyrirtækja og stofnana og láta í ljósi hlutlaust og áreiðanlegt álit á því hvort þessar upplýsingar gefi glögga mynd af efnahag og afkomu þeirra. Þar sem endurskoðandinn byggir vinnu sína á úrtakskönnunum er alltaf hættu á því að endurskoðun reikningsskilanna leiði ekki í ljós hugsanleg fjárvik enda miða úrtakskannanirnar ekki að því að uppgötva slík mál. Stjórnendur fyrirtækja og stofnana bera hins vegar ábyrgð á því að þær fjárhagsupplýsingar sem skipta máli komi fram í reikningsskilunum. Þeir bera einnig ábyrgð á eðlilegri verkaskiptingu þeirra starfsmanna sem annast fjárvörslu og bókhald og að fyrir hendi sé innra eftirlitskerfi sem fylgist með rekstrinum. Endurskoðendur eiga þó að meta starfs-tilhögun og eftirlitskerfi fyrirtækja og hvort þau séu með eðlilegum hætti og tryggi örugga og skilvirka starfsemi. Þetta er gert í þeim tilgangi að endurskoðandinn geti vottað hvort reikningsskilin gefi glögga mynd af rekstri og efnahag.

Ljóst er að væntingar til endurskoðenda eru ekki alveg í takt við þann raunveruleika sem hér er lýst. Margir telja að þar sem endurskoðandi hefur rannsað fjármál fyrirtækis sé hann líka í bestri aðstöðu til að uppgötva fjárvikamál innan þess. Ef þetta er á rökum reist, þurfa endurskoðendur þá ekki að spyrja sig þeirrar spurningar hvort breyta eigi verklagi þannig að meiri líkur séu á því að þeir uppgötvu hugsanleg fjárvik? Svar mitt við þessari spurningu er að það sé í sjálfu sér mögulegt en það má hins vegar velta því fyrir sér hvort slík breyting sé æskileg. Það er líka vafamál hvort almennur vilji sé fyrir því að endurskoðendur fari inn á þá braut því að þær vinnuáðferðir sem þeir þyrftu þá að beita væru meira í ætt við lögreglurannsóknir en hefðbundin endurskoðendastörf.

En hvað þyrfti til svo að endurskoðendur gætu vottað t.d.: „reikningsskilin gefa glögga

mynd ... og það er álit okkar að engin alvarlega efnahagsbrot hafi verið framin á reikningstímabilinu.“ Endurskoðendur þyrftu þá að fá aðgang að upplýsingum um einkafjármál allra helstu stjórnenda fyrirtækisins og annarra starfsmanna sem gegndu viðkvæmum störfum þar sem sýslað er með fé þess. Í raun þyrftu starfsmenn að gefa út yfirlýsingu um að endurskoðandi fyrirtækisins mætti fá aðgang að skattframtölum, bankayfirlitum og öðrum mikilvægum gögnum um einkafjármál.

Ekki er samt víst að ytri endurskoðendur sem störfuðu með þessum hætti gætu unnið á árangursríkan hátt að því að uppgötva fjárvik þó að þeir hefðu slíkar heimildir. Mun vænlegri leið til árangurs er að byggja upp gott innra eftirlit fyrirtækja og stofnana. Gott innra eftirlit er ekki aðeins mun líklegra til þess að uppgötva hugsanleg fjárvik heldur líka til að koma í veg fyrir þau. Þetta er sú leið sem Ríkisendurskoðun hefur reynt að fara. Í því skyni hefur stofnunin m.a. sent frá sér nokkur leiðbeiningarit um þessi mál, t.d. **Innra eftirlit** (1998), **Rekstraröryggi upplýsingakerfa** (1998), **Innri endurskoðun** (1999) og **Áreiðanleiki gagna í upplýsingakerfum** (2003), og gert nokkrar viðamiklar úttektir sem tengjast þeim.

Áhættufimar

Á breytingartímum í fyrirtækjum er rík ástæða til að standa vel að innri endurskoðun. Á undanföllum árum hafa t.d. mörg fyrirtæki á hinum almenna markaði sameinast og skipt um eigendur og einnig hafa mörg ríkisfyrirtæki gengið í gegnum verulegar skipulagsbreytingar vegna einkavæðingar og þurft í framhaldi af því að laga sig að nýjum markaðsaðstæðum, m.a. taka þátt í aukinni samkeppni. Í tengslum við þetta hafa oft orðið miklar breytingar á yfirlit fyrirtækja, starfsmannamálum og skipulagi. Þessi endurskipulagning hefur ekki aðeins aukið vinnuálag starfsmanna heldur líka beint kröftum þeirra í verulegum mæli að því að innleiða ýmsar nýjungar sem snúa að rekstri fyrir-



Sigurður Þórðarson
ríkisendurskoðandi

tækjanna og þjónustu- og markaðsmálum. Öryggis- og eftirlitsþáttum hefur hins vegar verið minni gaumur gefinn þrátt fyrir að þeim ætti að vera sinnt sérstaklega vel á tímum mikilla breytinga sem jafnan eru tímar mikillar áhættu. Þess eru jafnvel dæmi að starfsmönnum sem sinna innra eftirliti hafi beinlínis verið fækkað í umróti breytinganna og þeirri uppstokkun sem þá hefur átt sér stað.

Á undanföllum árum hefur fjöldi fyrirtækja og stofnana tölvuvætt fjármálakerfi sín. Í stað þess að reikningar séu á pappírformi og með undirskrift þeirra sem hafa samþykkt þá, séð um greiðslu þeirra og fær þá til bókar eru þeir nú í æ ríkari mæli í rafrænu formi í flóknum greiðslu- og bókhaldskerfum. Þetta hefur skilað miklum ávinningi með bættri og hraðvirkari vinnslu verka og eytt eða dregið úr ýmsum áhættuþáttum sem einkenndu gamla fyrirkomulagið. Um leið hefur tölvuvæðing fjármálaferla framkallað nýja áhættuþætti. Þeir veikleikar sem einkum hafa verið notaðir til fjárvika eru tvenns konar: a) ófullnægjandi aðgangsstýringar, b) veikleikar í flutningi gagna á milli ólíkra kerfa.

Þetta má skýra með dæmi. Eitt af útbreiddustu fjárhagskerfum stórra fyrirtækja er SAP kerfið. Þetta kerfi er góð viðmiðun þegar rætt er um fjárvikamál því að inn í það er byggt mjög mikið af vélrænum innri eftirlitsþáttum. Það gefur t.d. mikla möguleika á að rekja það sem gerist í kerfinu, þ.e. hver skráði eða skoðaði hvað og hvenær, auk þess sem það gefur kost á mjög ítarlegri og nákvæmri aðgangsstýringu. Það er þó ekki nóg að fjárhagskerfi hafi innbyggða afbragðsgóða möguleika til að tryggja gott innra eftirlit ef þeir eru ekki notaðir sem skyldi. Sú tilhneiging hefur t.d. verið rík að veita starfsmönnum rýmri aðgangsheimildir að fjár-



hagskerfum en réttlæt看legt er út frá verkefni þeirra, t.d. til þess að „auðvelda“ þeim vinnunna eða svo að þeir geti leyst af aðra starfsmenn með aðrar starfsskyldur ef þeir forfallast vegna veikinda. Þess vegna getur auðveldlega komið upp sú staða að sami starfsmaðurinn hafi heimild í tölvukerfinu til þess að gera allar þær aðgerðir sem þarf til þess að eiga í viðskiptum í nafni fyrirtækisins, þ.e. panta, samþykkja, bókfæra, greiða og væntanlega að taka við vöru eða þjónustu.

Hinn þátturinn sem nauðsynlegt er að huga að eru tengsl ólíkra upplýsingakerfa sem skiptast á upplýsingum. Í rafrænum samskiptum ólíkra kerfa er mikilvægt að gögn fari á milli kerfa án þess að óviðkomandi breytingar séu gerðar á þeim. Oft eru mjög öflugar aðgangsstýringar og varnir á þessum gögnum. Um leið og upplýsingar eru fluttar á milli kerfa flyst með þeim ábyrgðin á því að viðhalda áreiðanleika þeirra. Þau skil sem þarna verða hafa verið notuð til fjárvika enda er sérstaklega erfitt að koma auga á slík fjárvik eins og dæmin sanna. Mjög mikilvægt er því að vel sé hugað að öryggi þegar gögn eru flutt á milli ólíkra kerfa.

Þá er ekki síður nauðsynlegt að vel sé staðið að starfsmannamálum fyrirtækja. Velja þarf nýja starfsmenn af kostgæfni og í samræmi við þarfir fyrirtækja hverju sinni og sjá til þess að verkefni þeirra og ábyrgð séu vel skilgreind svo að ljóst sé til hvers eigi að leita ef vandamál koma upp eða grunur vaknar um svik. Þá ættu stjórnendur að koma á framfæri þeim siðferðilegu gildum sem þeir telja mikilvægust í starfsemi með vinnustaða- og siðareglum og sjá til þess að fylgt sé eðlilegum og skynsamlegum reglum um hlutverkaskipun. Í þessu sambandi skiptir t.d. miklu máli að fyrirtæki tryggja að hægt sé að leysa af lykilstarfsmenn sem annast fjárreiður ef þess gerist þörf. Einnig þarf að sjá til þess að slíkir lykilstarfsmenn taki samfelld og reglulegt orlof sem nái yfir mánaðamót.

Innri endurskoðun

Að lokum má benda á nauðsyn þess að öll stærri fyrirtæki komi á fót innri endurskoðunar-deild með starfsfólki sem hefur í senn þekkingu, reynslu og sjálfstæði til að sinna innra eftirliti með starfsemi fyrirtækjanna. Þessi deild á að

stýrja við aðra eftirlitsþætti, svo sem eftirlit stjórnenda og ytri endurskoðun, taka þátt í að skilgreina og meta þá áhættu sem fylgir rekstrinum og forgangsraða þeim málum sem upp koma með tilliti til umfangs þeirra og mikilvægis. Sömuleiðis þarf þessi deild að skoða það

verklag sem notað er við fjársýslu og fjárvörslu og kanna hvort viðurkenndum öryggisreglum er fylgt og hversu traustar þær upplýsingar eru sem birtast í bókhaldskerfum. Með þessu móti má takmarka umfang „grárra svæða“ og draga úr möguleikum á fjárvikum.

Til hamingju með afmælið

65 ára þann 17. janúar 2004	Þorsteinn Kristinsson	Endurskoðun og reikningshald
65 ára þann 25. janúar 2004	Gunnar Sigurðsson	PricewaterhouseCoopers hf.
65 ára þann 4. maí 2004	Geir Geirsson	PricewaterhouseCoopers hf.
60 ára þann 3. maí 2004	Ragnheiður Pétursdóttir	Íselekt ehf.
50 ára þann 10. janúar 2004	Aðalsteinn Hákonarson	KPMG Endurskoðun hf.
50 ára þann 6. febrúar 2004	Einar Ólafsson	KPMG Endurskoðun hf.
50 ára þann 13. mars 2004	Einar S. Hálfánarson	Deloitte & Touche hf.
50 ára þann 14. maí 2004	Þorvarður Gunnarsson	Deloitte & Touche hf.
50 ára þann 6. júní 2004	Örn Þorbergsson	Vátryggingafélag Íslands hf.
50 ára þann 9. júní 2004	Sigurður B. Arnþórsson	PricewaterhouseCoopers hf.
40 ára þann 16. janúar 2004	Böðvar Stefánsson	Landsvirkjun
40 ára þann 31. janúar 2004	Kristjana Ólöf Sigurðardóttir	Ríkisendurskoðun
40 ára þann 10. febrúar 2004	Sigurður Sigurgeirsson	Landsbanki Íslands Akureyri
40 ára þann 10. mars 2004	Sveinbjörn Sveinbjörnsson	Gæða endurskoðun ehf.
40 ára þann 24. mars 2004	Geir Valur Ágústsson	Hekla hf.
40 ára þann 5. apríl 2004	Sighvatur Halldórsson	PricewaterhouseCoopers hf.
40 ára þann 1. maí 2004	Ómar Örn Bjarnason	PricewaterhouseCoopers hf.
40 ára þann 5. júní 2004	Brynja Pétursdóttir	Lindarbraut 10
40 ára þann 9. júní 2004	Kristján Björgvinsson	Sjóvá Almennar Tryggingar hf.
40 ára þann 13. júní 2004	Úlfar Örn Friðriksson	Landsafl hf.
40 ára þann 16. júní 2004	Sigurjón G. Geirsson	Landsbanki Íslands hf.
30 ára þann 11. mars 2004	Gunnar Freyr Guðmundsson	Fjárvakur fjármálaþjónusta ehf.
30 ára þann 22. mars 2004	Guðjón Ásmundsson	KPMG Endurskoðun hf.

Siðareglur

Starf Siðanefndar á síðasta ári hefur að mestu snúið um möguleika nefndarinnar á að semja drög að siðareglum fyrir FLE, byggðum á erlendum siðareglum, og hefur nefndin í því sambandi horft til siðareglna alþjóðasamtaka endurskoðenda IFAC, starfs hinna Norrænu endurskoðendafélaganna að þessum málum og tilmæla Evrópusambandsins um óhæði endurskoðenda.

Á hinum Norðurlöndunum hefur á undanförunum misserum farið fram mikil vinna á þessu sviði þó henni hafi miðað mislangt. Í Finnlandi til dæmis, hafa alþjóðlegu reglurnar verið innleiddar í heild sinni, en í Noregi hefur einungis 8. kafli þeirra verið innleiddur að svo stöddu, enda eru aðrir kaflar reglnanna í endurskoðun hjá alþjóðasamtökunum til samræmis við 8. kaflann sem nýlega hefur verið endurútfærð. Í Svíþjóð er sömuleiðis unnið að innleiðingu á 8. kaflanum en hann fjallar um óhæði endurskoðenda. Í Danmörku eru tilmæli Evrópusambandsins um óhæði hluti af lögum um endurskoðendur, en löggin voru endurnýjuð á árinu.

Þegar í ljós kom að Norðurlöndin fóru almennt þá leið að innleiða alþjóðlegu reglurnar þá taldi Siðanefndin að rétt væri að stefna að innleiðingu þeirra hér á landi. Með því væru slegnar tvær flugur í einu höggi þar sem við værum hér með siðareglur í samræmi við alþjóðlega staðla og værum jafnframt með reglur sem stæðust skilyrði Evrópusambandsins um óhæði. Þýðing og innleiðing alþjóðlegu reglnanna er hins vegar nokkuð umfangsmikið verkefni og kostnaðarsamt.

Samkvæmt lögum um endurskoðendur setur Félag löggiltra endurskoðenda siðareglur fyrir endurskoðendur sem, að fenginni staðfestingu ráðherra, gilda fyrir alla endurskoðendur. Þegar Evrópusambandið gaf út tilmæli sín um óhæði endurskoðenda má segja að ábyrgðin á því að óhæði endurskoðenda sé tryggt sé lögð á herðar stjórnvalda, en þau verða væntanlega að grípa til einhvers konar reglusetningar ef endurskoðendur setja sér ekki sjálfir siðareglur sem standast skilyrði Evrópusambandsins. Meðal annars með þessum rökum leitaði Siða-

nefndin til Fjármálaráðuneytisins um þátttöku þess í kostnaði við innleiðingu alþjóðlegu reglnanna. Erindinu var vel tekið af hálfu starfsmanna ráðuneytisins en endanleg niðurstaða olli nokkrum vonbrigðum. Í stuttu máli sá ráðuneytið sér ekki fært að taka þátt í slíkum kostnaði en lýsti sig þó reiðubúið til aðstoðar eftir föngum. Þrátt fyrir þessi svör ráðuneytisins telur Siðanefndin engu að síður rétt að félagið ráðist í verkefnið en takmarki sig þó við 8. kafla reglnanna til að byrja með, en hann hefur reyndar að geyma þungmiðju reglnanna, eða ákvæðin um óhæði.

Félag löggiltra endurskoðenda setti félögum sínum samskiptareglur sem tóku gildi 1. janúar 1994. Í þeim reglum er tekið á ýmsum atriðum sem er varða meðal annars samskipti við viðskiptavini og óhæði endurskoðenda þegar veitt er önnur þjónusta en endurskoðun. Í lögum um endurskoðendur eru einnig tiltekin ýmis atriði sem endurskoðendur þurfa að huga að, svo sem ákvæði um endurmenntun og vanhæfi endurskoðenda til að sinna tilteknum verkefnum. Í alþjóðlegu reglunum eru það einkum ákvæðin um skipti á umsjónaraðila endurskoðunar hjá fyrirtækjum skráðum á verðbréfa-markaði, þar sem sami aðili má hafa umsjón með verkefni í sjö ár en þarf síðan samkvæmt reglunum að hætta sem umsjónaraðili í tvö ár þar á eftir, sem munu hafa áhrif hér á landi vegna smæðar markaðarins. Einnig þurfa endurskoðendur samkvæmt alþjóðlegu reglunum að gæta þess að taka ekki beinan þátt í ákvörðunum er varða rekstur fyrirtækja eða framsetning og gerð reikningsskila hjá þeim fyrirtækjum þar sem þeir sinna endurskoðun.

Endurnýjun siðareglna er mikilvægt mál fyrir félagið, þar sem siðareglurnar eru liður í því að endurskoðendur standist gæðakröfur markaðarins og að félagið uppfylli skyldur sem settar eru á það samkvæmt lögum um endurskoðendur. Það kemur í hlut nýkjörinnar stjórnar félagsins að taka ákvörðun um það með hvaða hætti unnið verður að innleiðingu nýrra siðareglna.

Siðanefnd FLE



Haustráðstefna FLE á Akureyri

Á síðustu öld var gefið út ritsafn í mörgum bindum um hamfarir tengdum sjósókn við Íslandsstrendur á þeirri öld og öldinni sem leið þar á undan. Þetta ritsafn bar heitið Þrautgóðir á raunarstund og þykir afbragðsgóð heimild um vosbúð og hrakningar sæfarenda áður fyrr og árverkni og hugumprýði björgunarmanna við hinar skelfilegustu aðstæður.

Því miður nær þetta ritsafn ekki til þess fólks sem tekur að sér að skipuleggja ráðstefnur og fundi hér á landi, því ef svo væri myndi Menntunarnefnd FLE og það fólk sem stóð að Haustráðstefnu félagsins á Akureyri dagana 7. – 8. nóvember síðastliðinn nær örugglega rata í þennan bókaflökk. Ég hef að vísu ekki það mikið innsæi á íslenskan bókamarkað til að gera mér grein fyrir hvort styrjaldarástand á fundarstað endurskoðenda geti mögulega orðið "bestseller" jafnvel þó fundarstaðurinn sé Akureyri. Það var reyndar enginn í bráðri lífshættu en ef Óttar Sveinsson skyldi sýna þessu einhvern áhuga í framtíðinni má hann hafa samband við skrifstofu félagsins.

Það mun hafa verið snemma árs sem stjórn félagsins kom fram með þá hugmynd að halda aðalfund félagsins á Akureyri þetta árið og eftir skoðanakönnun meðal félagsmanna varð ljóst að hugmyndin yrði að veruleika. Menntunarnefnd hóf þegar að undirbúa dagskrá sem tæki mið af því efsta á baugnum í lífi endurskoðenda auk þess sem reynt yrði að blanda inni dagskrána staðreyndum af högum heimamanna. Í fyrstu voru nefndarmenn almennt á því að þátt heimamanna yrði ekki erfitt að skipuleggja þar sem rúmlega annar hver íbúi hefði lítið fyrir því að rekja ættir sínar austur í næstu sýslu þar sem mönnum ku víst sjaldan verða orðs vant.

Það kom því á óvart að heila sex mánuði þurfti til að fá þessa sveitunga Forseta Alþingis til að halda tvö tuttugu mínútna erindi í óbundnu máli og var þó haft samband við eigi allfáa. Og norðanmenn voru tilbúnir til að ganga ansi langt í þessari sviðshræðslu sinni. Meðal annars að halda hjörðinni uppá mat og

drykk lengi kvölds og skemmta mönnum með söng og hljóðfærslætti. Mér telst til að samtals hafi 12 Akureyringar neitað að koma fram auk þess sem einn fundarstjóri forfallaðist.

Það tókst að lokum að ljúka við dagskrána og var hún send út til félagsmanna eins og vant er. Hún skiptist í þrennt fyrri fundardaginn, fyrst átti að fjalla um breytingar á reikningsskilum sveitarfélaga frá ýmsum sjónarhornum, því næst um atvinnuþróun og nýsköpun í atvinnulífi á Akureyri og að síðustu um innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Laugardagurinn var síðan undirlagður í umfjöllun um síðasttalda atriðið. Eftir á sáu nefndarmenn að rétt hefði verið að merkja þessa dagskrá að hætti hugbúnaðargerðarmanna því nýjar útgáfur áttu eftir að líta dagsins ljós.

Ófari nefndarmanna hófust daginn fyrir ráðstefnuna þegar kom í ljós að einn fundarmanna átti ekki sæti í flugvél fyrr en eftir miðjan föstudag og yrði alls ekki mættur í ræðustól á auglýstum tíma. Frá og með þessari stundu mátti líkja lífi nefndarmanna við hinn unga íslenska kúreka sem í sögunni lendir þeirri ógæfu að kúnni hans er rænt af mæðgum af ætt forynja því setningin "Hvað eigum við nú til bragðs að taka" varð það algengasta sem af vörum þeirra hraut. Þetta fyrsta vandamál var farsælega leyst með því að dagskránni var snúið á hvolf og öðrum ræðumönnum tilkynnt um breyttan ræðutíma. Föstudagurinn reyndist síðan vera einn þriggja daga sem ekki var flogið til Akureyrar á árinu 2003 sem er alveg dæmalaus hittni því líkurnar á því að lenda í þesskonar hremmingum voru örugglega innan allra mikilvægismarka endurskoðenda. Fluginu var hins vegar ekki aflýst fyrr en um það leyti sem ráðstefnunni lauk þann daginn og því höfðu menn, meðan ráðstefnan leið, góða von um að fundarmenn myndu nú á endanum komast á mótsstað áður en dagur yrði að kveldi kominn. Einhverjir komust en aðrir ekki og var dagskránni breytt á klukkutímastigi í takt við mætingu eða forföll ræðumanna á svæðið. Þegar

dagskránni lauk á föstudagskvöld áttu 5 eftir að tala og þar af höfðu fjórir þeirra náttstað í Reykjavík.

Þessir fundarmenn birtust síðan á laugardagsmorgninum eins og að var stefnt – að vísu þremur stundarfjórðungum of seint miðað við auglýsta dagskrá (þ.e.a.s. dagskrá 1.0) Auðvitað fór þetta á endanum vel eins og í öllum ævintýrum og þegar yfir lauk höfðu öll auglýst erindi verið flutt utan eitt - ávarp bæjarstjóra Akureyrarbæjar.

Á ráðstefnunni töluðu um atvinnuþróun og nýsköpun á Akureyri þeir Gísli Aðalsteinsson hagfræðingur og Ottó Biering Ottósson forstöðumaður frumkvöðlaseturs Norðurlands. Gísli ræddi um frumkvöðlabæinn Akureyri og Ottó um tengingu Háskólans á Akureyri við nýsköpun og atvinnuþróun á Akureyri.

Undir liðnum reikningsskil sveitarfélaga fjallaði Dan Brynjarsson fjármálastjóri Akureyrar um reynslu Akureyrarbæjar af upptöku nýrra reikningsskila, Gunnlaugur Júlíusson, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs Sambands Íslenskra sveitarfélaga dró saman yfirlit um þau reikningsskil sem samín hafa verið eftir hinum nýju aðferðum og þá ágalla sem í ljós höfðu komið og Gunnar Birgisson forseti bæjarstjórnar Kópavogs fjallaði um málið frá pólitísku sjónarhorni.

Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla var fyrirferðamikil og var fjallað um hana frá nokkrum sjónarhornum. Rúnar Sigurpálsson fjármálastjóri Sæplasts hf. fjallaði um áhrif alþjóðlegra staðlasetningar á fyrirtæki í alþjóðasamstarfi. Katrín Friðriksdóttir frá Landsbanka Íslands ræddi málið frá sjónarhorni banka og verðbréfasala og Ólafur Þór Jóhannesson endurskoðandi ræddi breytingar sem koma til með að verða á reikningsskilum fyrirtækja eftir innleiðinguna. Ágúst Jóhannesson endurskoðandi fjallaði um staðal nr. 1 sem tekur á innleiðingu hinna alþjóðlegra staðla. Umfjöllunin endaði á erindum frá Ragnari Hafliðasyni, aðstoðarforstjóra Fjármálaeftirlitsins og Elvu Ósk Wiium lögfræðingi Fjármálaráðu-



neytisins. Ragnar fjallaði um hvernig innleiðingin snýr við starfsemi þeirra fyrirtækja og stofnana sem heyra undir Fjármálaráðuneytið og vék meðal annars að fyrirkomulagi innleiðingar á hinum Norðurlöndunum. Elva ræddi ráðstafanir ráðuneytisins til þessa og næstu skref hins opinbera við innleiðinguna.

Síðasta erindið á ráðstefnunni var endurskoðun Erlings Sigurðarsonar á íslensku máli.

Þrátt fyrir að hafa verið rækilega minnt á að brugðið getur til beggja vona með ferðalög um landið að vetri til er það skoðun Menntunarnefndar að ráðstefnan hafi verið gagnleg þeim sem hana sóttu. Vegna veðurs urðu ekki nema helmings heimtur af fundarmönnum á föstudeginum en heldur rættist úr á laugardaginn.

Menntanefnd vill færa félagsmönnum sérstakar þakkir fyrir umburðarlyndi á meðan verið var að koma auglýstum erindum til skila ef svo má segja. Ennfremur viljum við þakka öllum þeim sem aðstoðuðu við framkvæmd ráðstefnunnar og þá sérstaklega framkvæmdastjóra félagsins fyrir mikið og fórnfúst starf.

Páll Grétar Steingrímsson
Menntunarnefnd FLE



Aðalfundur Félags lögfræðingra endurskoðenda 2003

Aðalfundur félagsins var haldinn í Ketilshúsinu Akureyri, laugardaginn 8. nóvember 2003.

Á fundinum var fjallað um fagleg málefni félagsins auk þess sem fram fóru hefðbundin aðalfundarstörf samkvæmt tölulíðum 1.-18. í 18. grein samþykktar FLE.

Þetta gerðiðist:

1. Kosning fundarstjóra

Guðmundur Snorrason, formaður félagsins setti fundinn. Gerði hann tillögu um að Ólafur B. Kristinsson stýrði fundinum og var tillaga hans samþykkt. Fundarstjóri kannaði hvort löglega hefði verið boðað til fundarins og lýsti að því loknu fundinn lögmætan. Fundarstjóri tilnefndi sem fundarritara Ómar Kristjánsson þar sem ritari stjórnar félagsins, Jóhann Unnsteinsson, var fjarverandi vegna ófærðar.

Tekin voru til afgreiðslu fagleg málefni

Endurskoðunarnefnd – Alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar, væntanlegar breytingar

Hildur Árnadóttir talaði fyrir hönd nefndarinnar og kynnti orðnar og væntanlegar breytingar á endurskoðunarstöðlum.

Gæðanefnd – Gæðamál til framtíðar – könnun á gæðastjórnunarkerfum

Hjördís Ásberg talaði fyrir hönd gæðanefndar. Rakti það sem gerst hefur í gæðaeftirliti fram til þessa, og lagði fram tillögur að nýjum reglum um framkvæmd gæðaeftirlits og framvindu gæðamála á næsta starfsári. Óskar nefndin eftir að athugasemdir við framlagðar tillögur að

nýjum reglum berist nefndinni fyrir 1. mars 2004 með það að markmiði að reglurnar verði endanlega tilbúnar og samþykktar á árinu 2004. Formlegt gæðaeftirlit, sem náði til allra félagsmanna, verði tekið upp á árinu 2005.

Menntunarnefnd – Skil á endurmenntunareiningum

Páll Grétar Steingrímsson talaði fyrir hönd nefndarinnar og kynnti skil á endurmenntunareiningum. Einnig kynnti hann nýja reglugerð um endurmenntun sem verður lögð fram þegar hún hefur fengið umsögn hjá prófnefnd. Helstu breytingar eru að nú fæst ein eining fyrir hverja klst. í endurmenntun. Einingafjöldi á þriggja ára tímabili verður áfram 90 einingar en verður nú skipt í almennan og faglegan hluta, sem aftur skiptist í skattamál, endurskoðun og reikningshald.

Siðanefnd – Tillögur að nýjum siðareglum FLE – Helstu nýmæli

Hildur Árnadóttir talaði fyrir hönd nefndarinnar kynnti starf nefndarinnar. Starfið hefur á árinu að mestu snúist um möguleika nefndarinnar á að semja drög að siðareglum fyrir FLE, og hefur verið horft til siðareglna IFAC sem og starfs í nágrannalöndunum og hvernig á þessum málum hefur verið tekið þar. Einnig hefur verið horft til tilmæla Evrópusambandsins um óhæði endurskoðenda. Það er skoðun nefndarinnar að innleiða beri alþjóðlegu reglurnar, en til að byrja með sé þó rétt að félagið takmarki sig við 8. kafla alþjóðlegra staðlanna, sem hefur að geyma ákvæðin um óhæði. Þýðing á stöðlunum

er mjög viðamikil starf og kostnaðarsamt. Fram kom í máli Hildar að ríkisvaldið er ekki tilbúið að taka þátt í þessum kostnaði, en lýsti sig þó reiðubúið til aðstoðar eftir fongum.

2. Skýrsla stjórnar

Guðmundur Snorrason, formaður félagsins gerði grein fyrir skýrslu stjórnar um starf félagsins á liðnu starfsári. Hann rifjaði upp hvernig stjórn félagsins var skipuð á síðasta starfsári, en það voru auk hans Sigurður B. Arnþórsson, varaformaður, Helga Harðardóttir, gjaldkeri, Jóhann Unnsteinsson, ritari, og Ómar Kristjánsson. Úr stjórn ganga Guðmundur og Helga á þessum aðalfundi. Síðan kom Guðmundur inn á miklar umræður um nauðsyn þess að auka samræmi í gerð reikningsskila, m.a. með endurbótum á lögum um ársreikninga og upptöku alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Vinna er hafin við þýðingu staðlanna. Einnig ræddi Guðmundur um ábyrgð stjórnenda fyrirtækja og hlutverk eftirlitsaðila með fyrirtækjum á markaði. Á meðal verkefna stjórnar á starfsárinu nefndi Guðmundur umsögn reikningsskilanefndar um frumvarp til breytinga á lögum um ársreikninga, en í umsögninni var hvatt til heildarendurskoðunar á lögum og samhæfingu við reglur Alþjóðlegra reikningsskilaráðsins. Á árinu var námstyrkjasjóður FLE stofnaður, skoðanakönnun var gerð fyrir félagið um viðhorf stjórnenda til endurskoðenda, sérstök útgáfa af FLE fréttum kom út á árinu þar sem reynt var að höfða til ungs fólks, námskeið var haldið um feril endurskoðunar sem endurskoðunarnefnd stóð fyrir, FLE hafði frumkvæði að því að nám-



skeið voru haldin fyrir nema í endurskoðun í samstarfi við Endurmenntunarsstofnun HÍ, nýtt félagatal kom út á árinu og unnið var að nýjum reglum um gæðaeftirlit. Á árinu var að venju haldin haustráðstefna, skattadagur og endurskoðunardagur. Auk þess var haldinn sérstakur reikningskiladagur þann 15. október 2003 þar sem fjallað var um alþjóðlega reikningskila- staðla. Á meðal fyrirlesara var Geoffrey Wittington. Á árinu voru haldnir 10 hádegisverðarfundir. Þrjú tbl. komu út af FLE fréttum. Einnig kom fram að enn er til hjá félaginu töluvert upplag af bæklingnum Endurskoðandinn – Hlutverk og ábyrgð, en Handbók endurskoð- enda útg. 1996 er uppseld. Von er á breytingum á reglugerð um endurmenntun endurskoðenda þar sem gerður verður áskilnaður um lágmarks- fjölda eininga í hverri faggrein, endurskoðun, reikningshaldi og skatti. Á árinu var skipuð ný prófnefnd vegna löggildingarprófa. Lárus Finn- bogason var tilnefndur af FLE sem aðalmaður og Margrét Flóvenz sem varamaður. Formaður nefndarinnar er Árni Tómasson og þriðji aðal- maðurinn er Sæmundur Valdimarsson. Auk þess eru Gunnar Þór Ásgeirsson og Vignir Rafn Gíslason varamenn. Verið er að koma á lagg- irnar sérstökum samráðshópi hagsmunaaðila vegna innleiðingar alþjóðlegra reikningskila- staðla. Að ósk fjármálaráðuneytisins hefur FLE

skipað fulltrúa í þennan hóp, en það verður Jón S. Helgason. Formaður og varaformaður fund- uðu á árinu með fulltrúa fjármálaráðuneytisins um ýmis mál sem varða stéttina, s.s. þýðingu alþjóðlegra reikningskila- staðla og innleiðingu þeirra. Á árinu sóttu formaður og varaformaður ársfund norræna endurskoðunarsambandsins (NRF) sem haldinn var í Færeyjum. Ársfundur Norrænu endurskoðunarnefndarinnar (NRK) var að þessu sinni haldinn á Íslandi dagana 21. – 22. ágúst 2003 og hafði endurskoðunarnefnd FLE veg og vanda af skipulagningu fundarins. Félagsmönnum fjölgaði um 12 á árinu og eru nú 280. Tólf einstaklingar fengu löggildingu á árinu, 8 karlar og 4 konur og gengu þau öll í félagið. Að lokum velti Guðmundur upp spurn- ingu um hvort það sé tímabært að ráða endur- skoðanda til starfa hjá félaginu eða hvort óbreytt fyrirkomulag þjóni hagsmunum félags- ins betur.

3. Lagður fram ársreikningur félagsins til afgreiðslu.

Sigurður B. Arnþórsson, varaformaður félagsins gerði grein fyrir ársreikningi félagsins fyrir liðið starfsár.

Rekstrartekjur félagsins námu 19,3 millj.kr., rekstrargjöld 17,7 millj.kr. og fjármunaliðir voru jákvæðir um 2,5 millj.kr. Tekjur umfram gjöld á

tímabilinu voru því 4,1 millj.kr. Eignir félagsins skv. efnahagsreikningi námu 18,8 millj.kr. og skuldir 1,6 millj.kr. Eigið fé nemur 17,2 millj.kr. eftir að 20 mkr. höfðu verið fluttar til Náms- styrkjasjóðs.

Sigurður Tómasson spurði um fyrirframinn- heimtar tekjur sem væru óbreyttar á milli ára. Sigðurður B. svaraði því til þetta væri innheimt gæðaeftirlitsgjald sem ekki hefði verið rástafað enn.

Einnig lagði Sigurður fram ársreikning Náms- styrkjasjóðs fyrir liðið starfsár. Tekjur sjóðsins á þessu fyrsta starfsári námu 445 þús. kr. og eigið fé sjóðsins í lok starfsársins var 20,4 mkr.

Að loknum þessum fyrirspurnum var árs- reikningarnir samþykktir samhljóða.

4. Skýrslur fastanefnda

Fundarstjóri vísaði til skýrslu nefndanna í skýrslu stjórnar til aðalfundar og bauð for- mönnum nefnda orðið ef þeir hefðu einhverju við skýrslur nefndanna að bæta. Enginn for- svarsmanna nefndanna tók til máls og engar fyrirspurnir komu fram um skýrslur eða störf nefndanna.

5. Tillögur til breytinga á sam- þykktum félagsins

Engar tillögur höfðu borist.

6. Kosning formanns

Tillaga uppstillinganefndar um að Sigurður B. Arnþórsson verði kjörinn sem formaður félags- ins var borin upp og lýst eftir öðrum tillögum. Aðrar tillögur komu ekki fram og var tillagan samþykkt með lófataki.

7. Kosning varaformanns

Tillaga uppstillinganefndar um Lárus Finnbo- gason sem varaformann var borin upp og lýst eftir öðrum tillögum. Aðrar tillögur komu ekki fram og var tillagan samþykkt með lófataki.

8. Kosning meðstjórnanda

Tillaga uppstillinganefndar um Sigríði Helgu Sveinsdóttur sem meðstjórnanda til tveggja ára var borin upp og lýst eftir öðrum tillögum. Aðrar tillögur komu ekki fram og var tillagan sam- þykkt með lófataki.



9. Kosning endurskoðanda og varaendurskoðanda

Tillaga uppstillinganefndar um Einar H. Einarsson sem endurskoðanda og Guðmund Jólsson sem varaendurskoðanda var borin upp og lýst eftir öðrum tillögum. Aðrar tillögur komu ekki fram og var tillagan samþykkt með lófataki.

10. Kosning tveggja manna og varamanns í Álitsnefnd samkvæmt 12. gr. félagssamþykkt

Tillaga uppstillinganefndar um Símon Gunnarsson og Þorstein Haraldsson sem aðalmenn og Guðmund Óskarsson sem varamann var borin upp og lýst eftir öðrum tillögum. Aðrar tillögur komu ekki fram og var tillagan samþykkt með lófataki.

11. Kosning eins manns til þriggja ára og varamanns til eins árs í Endurskoðunarnefnd

Tillaga uppstillinganefndar um Magnús Örn Ragnarsson til þriggja ára og Hildi Sigurðardóttur sem varamann var borin upp. Aðrar tillögur komu ekki fram og var tillagan samþykkt með lófataki.

12. Kosning eins manns til þriggja ára og varamanns til eins árs í Reikningsskilanefnd

Tillaga uppstillinganefndar um Friðrik Jóhannsson til þriggja ára og Ólaf Þór Jóhannesson sem varamann var borin upp. Aðrar tillögur komu ekki fram og var tillagan samþykkt með lófataki.

13. Kosning eins manns til þriggja ára og varamanns til eins árs í Menntunarnefnd

Tillaga uppstillinganefndar um Krístrúna Helgu Ingólfssdóttur til þriggja ára og Eggert Teitsson sem varamann var borin upp. Aðrar tillögur komu ekki fram og var tillagan samþykkt með lófataki.

14. Kosning eins manns til þriggja ára og varamanns til eins árs í Ritnefnd

Tillaga uppstillinganefndar um Hrefnu Gunnarsdóttur til þriggja ára og Auði Þórisdóttur sem varamann var borin upp. Aðrar tillögur komu ekki fram og var tillagan samþykkt með lófataki.

15. Kosning eins manns til þriggja ára og varamanns til eins árs í Skattanefnd

Tillaga uppstillinganefndar um Birki Leósson til þriggja ára og Einar Ólafsson sem varamann var borin upp. Aðrar tillögur komu ekki fram og var tillagan samþykkt með lófataki.

16. Kosning eins manns til þriggja ára og varamanns til eins árs í Gæðanefnd

Tillaga uppstillinganefndar um Sif Einarsdóttur til þriggja ára og Kristinn Frey Kristinsson sem varamann var borin upp. Aðrar tillögur komu ekki fram og var tillagan samþykkt með lófataki.

17. Tillaga stjórnar um árstíllag félagsmanna næsta reikningsár

Sigurður B. Arnþórsson kynnti rekstraráætlun fyrir komandi starfsár, og gerði jafnframt grein fyrir svohljóðandi tillögu stjórnarinnar:

„Stjórn félagsins gerir tillögu um að árstíllag félagsmanna verði 48.000 kr. á starfsárinu 1. september 2003 til 31. ágúst 2004. Skýrði hann framlagða rekstraráætlun næsta árs sem miðast við tillöguna um árstíllag.“

Árstíllag að fjárhæð kr. 48.000 var samþykkt einróma.

18. Önnur mál

Kosning stjórnarmann í Námsstyrkjasjóðs

Tillaga uppstillinganefndar um Símon Gunnarsson í stjórn Námsstyrkjasjóðs til tveggja ára var borin upp. Aðrar tillögur komu ekki fram og var tillagan samþykkt með lófataki.

Þorsteinn Haraldsson kvaddi sér hljóðs og talaði um endurskoðun hjá íslenska ríkinu. Hjá ríkisendurskoðun störfuðu á sl. ári 5 lögg. end-

urskoðendur og og fæst stofnunin við um 4-500 verkefni á ári. Flutti Þorsteinn tillögu um úttekt á fyrirkomulagi ríkisendurskoðunar. Tillagan er svohljóðandi:

„Aðalfundur FLE, haldinn á Akureyri 8. nóvember 2003, beinir til nýkjörinnar stjórnar félagsins, að hún hlutist til um að fram fari úttekt á fyrirkomulagi ríkisendurskoðunar. Úttektin beinist einkum að því hvort hagkvæmt sé (t.d. með útboðum) að sjálfstætt starfandi endurskoðunarfyrirtæki og endurskoðendur leysi ríkisendurskoðun af hólmi við fjárhagsendurskoðun ríkisaðila og hlutafélaga sem eru í meirihlutaeign ríkisins.“

Þorsteinn Haraldsson (sign)

Ólafur Nilsson (sign)

Vignir Rafn Gíslason (sign)

Þorvarður Gunnarsson (sign)

Guðmundur Snorrason tók til máls og lýsti stuðningi við tillöguna. Fleiri tóku ekki til máls og var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt mótatkvæðalaust.

Guðmundur Þorvarðarson tók til máls og ræddi mikinn hagnað af ráðstefnum og námskeiðum. Finnst honum ástæðulaust að rukka meira fyrir námskeið og ráðstefnur heldur en þau kosta. Eðlilegra væri að rukka hæfilegt gjald eftir á, þegar ljóst væri hver kostnaðurinn væri við hvern atburð. Guðmundur Snorrason tók til máls og skýrði ástæður þess að góð afkoma væri af þessum þætti í rekstri félagsins, sem eru fyrst og fremst þær að aðsókn að ráðstefnum og námskeiðum hefur verið mun meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Fráfarandi formaður tók til máls og þakkaði félagsmönnum og Arnþjórgu þó sérstaklega fyrir frábært samstarf í sinni stjórnartíð.

Sigurður Arnþórsson, nýkjörinn formaður, kvaddi sér hljóðs og þakkaði fyrir traustið sem sér væri sýnt og óskaði meðstjórnarmönnum og nýkjörnum varaformanni til hamingju með kjörið. Sigurður sagði að sú könnun sem FLE lét gera á störfum endurskoðenda væri sér ofarlega í huga. Þar hafi margt athyglisvert komið fram. Það er ánægjulegt að 85% aðspurðra sögðust ánægðir með þjónustu endurskoðenda, níu af hverjum tíu sögðu að gæði þjónustunnar skipti mestu máli og tveir þriðju sögðu að gæði skiptu meira máli en verð. Rúsinan í pylsueud-



anum var svo að stétt endurskoðenda skoraði hæst þegar spurt var um traust til fjögurra mikilsvirtra starfsstétta. En vandi fylgir vegsemd hverri, sagði Sigurður. Liður í því að viðhalda slíku trausti viðskiptavina er meðal annars sá að hér á fundinum var kynnt fyrir okkur tillaga að reglum um framkvæmd gæðaeftirlits. Okkur er öllum ljóst að það er nauðsynlegt fyrir stéttina að njóta trausts almennings og sýna fram á það í verki að við stöndum undir þeim væntingum sem fram komu í könnuninni. Síðan kom Sigurður inn á innleiðingu alþjóðlegra reikn-

ingsskilastaðla og að stjórn félagsins geri sér miklar vonir um samstarf reikningsskilaráðs og félagsmanna skili þessu máli í heila höfn. Síðan óskaði Sigurður fjármálaráðuneytinu alls hins besta við innleiðinguna og hét því að félagið myndi hér eftir sem hingað til styðja þá í þeim efnum. Gæðaeftirlit, innleiðing alþjóðlegru reikningsskilastaðlanna, siðareglur og óhæðismál leiða óhjákvæmilega hugann að því hvort félagið þurfi ekki að hugleiða það að ráðinn verði sérstakur starfsmaður sem haldi utan um fagleg málefni og hagsmunamál fyrir félags-

menn. Sigurður sagðist telja að þetta verði eitt af þeim málum sem bíði nýrrar stjórnar að skoða alvarlega. Að lokum þakkaði Sigurður fráfarandi stjórn fyrir samstarfið á liðnu ári og þá sérstaklega fráfarandi formanni. Einnig þakkaði Sigurður nefndum félagsins fyrir gott og fórnfúst starf og svo og framkvæmdastjóra félagsins.

Aðalfundinn sóttu 59 félagsmenn. Ólafur B. Kristinsson þakkaði fundarmönnum fyrir fundarsetu og sleit fundi kl. 16.20.

Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands

Námskeið ætluð endurskoðendum vorið 2004

Námskeið í samstarfi við menntunar-nefnd FLE.

Nánri upplýsingar og skráning hjá Endurmenntunarstofnu HÍ.

Skattamál – Nýlegar breytingar

Kennari: Árni Harðarson hdl. hjá Deloitte & Touche.

Tími: Mið. 14. jan. 2004 kl. 16:15–19:15.

Lýsing: Ætlað öllum sem koma að skatta- og fjármálum fyrirtækja.

Kynntar eru helstu breytingar á lögum um tekju- og eignaskatt á árinu 2003. Einnig er farið yfir helstu breytingar á öðrum lögum og reglugerðum sem varða skatta og nokkur atriði sem tengjast framtalsgerð vegna tekjuársins 2003.

Ein: 3, verð kr. 15.400,-

Virðisaukaskattur af byggingarstarfsemi

Kennari: Kristín Norðfjörð lögfræðingur og skrifstofustjóri hjá skattstjóranum í Reykjavík.

Tími: Fös. 16. apríl kl. 8:30–12:30.

Lýsing: Ætlað þeim sem stunda byggingarstarfsemi og fasteignaviðskipti, svo og þeim sem hafa atvinnu af endurskoðun og bókhaldsþjónustu.

Fjallað er um þær reglur sem gilda um byggingarstarfsemi á annarra kostnað og eigin kostnað. Farið er í reglur sem gilda um frjálsa skráningu atvinnuhúsnæðis (húsaleiga) og sérstaka skráningu atvinnuhúsnæðis. Einnig er farið í reglur um endurgreiðslu virðisaukaskatts til íbúðabyggjenda. Ein: 4, verð kr. 16.200,-

Fjármögnun fyrirtækja

Kennari: S. Elin Sigfúsdóttir framkvæmdastjóri á Fyrirtækjasviði Landsbanka Íslands.

Tími: Fös. 13. feb. kl. 8:30–12:30.

Lýsing: Ætlað þeim sem eru í fyrirtækjarekstri eða koma á annan hátt að fjármögnun fyrirtækja.

Farið er yfir þá fjármögnunarkosti sem bjóðast fyrirtækjum með starfsemi á Íslandi. Gerð er grein fyrir mismunandi möguleikum fyrirtækja á fjármagnsmarkaði, sem byggja m.a. á stærð, styrk og viðskiptasögu viðkomandi aðila. Jafnframt er fjallað um mismunandi kröfur sem hin ýmsu form fjármögnunar gera til stjórnenda fyrirtækja.

Ein: 4, verð kr. 16.200,-

Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla – IFRS 1

Umsjón: Ágúst Heimir Ólafsson endurskoðandi hjá Deloitte.

Tími: Þri. 20. apríl kl. 8:30–12:30

Lýsing: Ætlað endurskoðendum en er öllum opið.

Fjallað er um innleiðingu á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) – hvaða félög eru skyldug að taka upp staðlana 2005 og hvaða áhrif hefur upptakan á önnur félög, farið yfir innleiðingarferlið og helstu breytingar sem IFRS staðlarnir hafa á framsætningu ársreikninga og áhrif á fjárfesta og lána stofnanir.

Ein: 4, verð kr. 16.200,-

Fjármálagerningar og afleiður – Fair value félagatilskipun Evrópuþingsins

Umsjón: Ágúst Heimir Ólafsson endurskoðandi hjá Deloitte.

Tími: Mið. 14. apríl k. 8:30–12:30

Lýsing: Ætlað löggiltum endurskoðendum en er öllum opið.

Fjallað er um áhrif sem þessi breyting á lögum um ársreikninga hefur á reikningsskil félaga á Íslandi.

Ein: 4, verð kr. 16.200,-

Virðisaukaskattur, flókin atriði í framkvæmd

Kennari: Kristín Norðfjörð lögfræðingur og skrifstofustjóri hjá skattstjóranum í Reykjavík.

Tími: Þri. 16. mars kl. 8:30–12:30.

Lýsing: Fjallað er í ýmis flókin atriði í virðisaukaskatti. Farið er yfir reglur um gistiþjónustu, reglur vegna blandaðrar starfsemi, reglur um útgáfu reikninga, m.a. kreditreikninga, reglur um fasteignaleigu, reglur um skattverð, reglur um skattalega meðferð á styrkjum, reglur um erlend þjónustukaup, helstu reglur vegna könnunar á starfsambandi þ.e. skilgreining á verktaka/launþega og reglur um það hvenær tapaðar kröfur teljast tapaðar. Loks er fjallað um vinnu og þjónustu sem er undanþegin virðisaukaskatti. Reifaðir eru úrskurðir Yfirkattanefndar og álit Ríkisskattstjóra sem tengjast ofangreindu efni.

Ein: 4, verð kr. 16.200,-



Stjórn og nefndir 2003–2004

Skipan stjórnar og fastanefnda FLE starfsárið 2003–2004



Félagisstjórn FLE 2003-2004 frá vinstri talið: Ómar Kristjánsson meðstjórnandi, Lárus Finnbogason varformaður, Sigurður B. Arnþórsson formaður, Sigríður Helga Sveinsdóttir gjaldkeri og Jóhann Unnsteinsson, ritari.

Félagisstjórn

Sigurður B. Arnþórsson, formaður
Lárus Finnbogason, varaformaður
Sigríður Helga Sveinsdóttir
Jóhann Unnsteinsson, ritari
Ómar Kristjánsson

Álitsnefnd

Sigurður B. Arnþórsson, formaður
Lárus Finnbogason
Guðmundur Snorrason
Símon Á. Gunnarsson
Þorsteinn Haraldsson
Guðmundur Óskarsson, varamaður

Endurskoðendur

Einar H. Einarsson, endurskoðandi
Guðmundur Jólsson, varaendurskoðandi



Ritnefnd FLE frá vinstri: Ómar H. Björnsson, Auður Ósk Þórisdóttir, Sigurður M. Jónsson og Hrefna Gunnarsdóttir.



Endurskoðunarnefnd FLE frá vinstri: Heimir Þorsteinsson, Jón Arnar Baldurs, Hildur Sigurðardóttir og Magnús Örn Ragnarsson.



Menntunarnefnd FLE frá vinstri: Þórir Ólafsson, Krístrún Helga Ingólfssdóttir, Gerður Guðjónsdóttir og Eggert Teitsson.

Menntunarnefnd

Gerður Guðjónsdóttir, formaður
Þórir Ólafsson
Kristrún Helga Ingólfssdóttir
Eggert Teitsson, varamaður

Ritnefnd

Sigurður M. Jónsson, formaður
Ómar H. Björnsson
Hrefna Gunnarsdóttir
Auður Ósk Þórisdóttir, varamaður

Gæðanefnd

Ásbjörn Björnsson, formaður
Óskar Sverrisson
Sif Einarsdóttir
Kristinn Freyr Kristinsson, varamaður

Endurskoðunarnefnd


Jón Arnar Baldurs, formaður
Heimir Þorsteinsson
Magnús Örn Ragnarsson
Hildur Sigurðardóttir, varamaður

Reikningsskilanefnd

Jón S. Helgason, formaður
Knútur Þórhallsson
Friðrik Jóhannsson
Ólafur Þór Jóhannesson, varamaður

Skattanefnd

Gunnlaugur Kristinsson, formaður
Guðmundur Jens Þorvarðarson
Birkir Leósson
Einar Ólafsson, varamaður



Skattanefnd FLE frá vinstri: Gunnlaugur Kristinsson, Guðmundur Jens Þorvarðarson, Birkir Leósson og Einar Ólafsson.



Reikningsskilanefnd FLE frá vinstri: Knútur Þórhallsson, Ólafur Þór Jóhannesson, Friðrik Jóhannsson og Jón S. Helgason.



Gæðanefnd FLE frá vinstri: Óskar Sverrisson, Sif Einarsdóttir, Kristinn Freyr Kristinsson og Ásbjörn Björnsson.



Reikningskiladagur FLE

Ath. vantar grein

Einnig á eftir að setja inn Opnunartíma skrifstofu FLE.

Fráteknar dagsetningar.

Áhugaverðar heimasíður

og

Til sölu á skrifstofu FLE

Svo eru einhverjar myndir.

Blaðið ætti þá að passa á 20 síður.

Jól 2003

Starfsmanni félagsins barst þessi fallega jólakveðja
og er hún birt með leyfi höfundar.

*Dagur líður, dimma tekur,
dúnmjúkt þekur snjórinn land.
Himinbogans silfur sindrar,
saman tindrar ljósaband.
Í öllum byggðum klukkur klingja,
kórar syngja um fæddan son.
Ljósið eina, lýsir flæðir,
lífið glæðir dýrðar von.*

*Við finna viljum frið á jörðu,
fjarri hörðu böli' og þraut.
Allar þjóðir, sátt með sinni,
saman tvinni rétta braut.
Gefist ykkur gleði í hjarta,
með geisla bjarta um jóla tíð
Árið nýtt sem enn við tekur
endurvekur dægrið blíð.*


Bjarni Jónsson endurskoðandi

Retis **Retis**

Retis ehf.
 201 Kópavogi
 S 544 8855
 F 544 8854
 retis@retis.is
 www.retis.is

Við bjóðum upp á heildarlausn við innleiðingu og þjónustu á dk Viðskipta- og upplýsingakerfinu

- Einfalt í notkun
- Íslenskt notendaviðmót
- Öflugar greiningarvinnslur
- Ársreikningakerfi
- Tenging við framtalskerfi
- Windows XP® samhæft
- Góð þjónusta
- Námskeið



Viðskipta- og upplýsingakerfi

Fjárhagsbókhald, skuldunautakerfi, lánardrottakerfi, sölureikningar, birgðakerfi, strikamerkjávinnsur, afsláttarvinnslur, launakerfi, verkboðhald, innheimtukerfi banka, innkaupakerfi, tollkerfi, tilboðskerfi, sölupantanakerfi, áskriftakerfi, greiningavinnslur, tenging við framtalskerfi o.fl.